

Hábrún hefur mótttekið athugasemdir vegna Matsáætlunar á 11500 tonna eldi á regnbogasilungi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi. Hábrún stundar eldi á regnbogasilungi í Skutulsfirði. Með umsókn sinni hyggst fyrirtækið byggja áfram upp öfluga starfsemi sem byggir á þeim grunni sem fyrirtækið hefur skapað sér á löngum ferli. Hábrún er með vinnslu á afurðum sínum í Hnífsdal og skapar því störf bæði á sjó og í landi. Fyrirhugað 11500 tonna eldi (lífmassi) í viðbót við þau 700 tonn sem alin eru í dag eykur ekki aðeins framleiðslu magn heldur veitir tryggingu um samfelld framboð af hráefni í vinnslu fyrirtækisins.

Nafn fyrirtækis	Dagsetning	Ábyrgðarmaður athugasemdar
Arctic Fish (AF)	20.04.2022	Grímur Sigurðsson hrl.

**AF gerir eftirfarandi athugasemdir:**


- Fjarlægð við Naustavík (338 m)
- Fjarlægð við Drangsvík (2,75km).
- Fjarlægð við Arnarnes (3,2km).
- Ekkert fjallað um rök fyrir styttri vegalengdum og ekkert samráð haft við MAST eða Hafró með undanþágu frá 5 km fjarlægðarreglu.

Viðbrögð Hábrúnar	06.07.2022	Halldór Gunnlaugsson
-------------------	------------	----------------------

**Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:**

- Það er rétt að fjarlægð í eldi AF við Naustavík er eins og AF bendir á. *Vegna smitvarna skal lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila samkvæmt meginviðmiði vera 5 km miðað við útmörk hvernar sjókvíaeldisstöðvar samkvæmt 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. **Matvælastofnun getur að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva samkvæmt ákvæðinu.*** Fjarlægðarmörk á milli ótengdra aðila hafa oft verið til umræðu og ýmsar undanþágur veittar. Hábrún hefur til að mynda í bréfi til Skipulagsstofnunar dagsett 22. maí 2020 bent á þetta, en þá kynnti AF frummatsskýrslu um fyrirhugað eldi á laxi eða regnbogasilungi í Ísafjarðardjúpi. Gengið hefur verið út frá því þegar undanþágur hafa verið veittar að fullt samráð um útsetningu sé á milli eldisaðila og með þeim hætti tryggt að sjókvíaeldisstöðvar innan sama sjókvíeldissvæðis séu reknar sem ein heild þegar kemur að sjúkdómsvörnum. Hábrún lítur svo á að fyrirtækið sé í fullum rétti að benda á slík rök, enda hafi AF sjálft fengið undanþágur á þeim forsendum (vísað er í bréf dagsett 22.maí 2020).
- AF er ekki með fyrirhugað eldi við Drangsvík heldur er um að ræða Arnarlax (AL) og er athugasemd svarað með öðrum athugasemdum AL.
- Hábrún vísar aftur í bréf til Skipulagsstofnunar dagsett 22. maí 2020. Hér er AF í reynd að benda á sömu rök og Hábrún benti í umræddu bréfi. Hábrún telur að sömu rök skuli gilda fyrir alla aðila.
- Þessu verður gerð ítarleg skil í Umhverfismatsskýrslu.

Hér er því um að ræða mál sem ítrekað hefur komið upp og undanþágur veittar. Hábrún lítur svo á að fyrirtækið eigi að hljóta sömu málsmeðferð og önnur eldisfyrirtæki. Til að auðvelda úrlausn mála vegna fjarlægða á milli óskyldra aðila leggur Hábrún fram valkosti um fjögur ný sjókvíaeldissvæði auk þess sem núverandi eldisvæði félagsins í Skutulsfirði yrði stækkað. Ný svæði verða staðsett í Skötufirði, Mjóafirði, suð-vestur af Æðey og aust-suð-austur af Æðey. Hnit eru hér í töflu og staðsetningar sýndar á mynd.



Mynd sem sýnir valkosti Hábrúnar um fjögur ný sjókvíaldissvæði og stækkun sjókvíaldissvæðis í Skutulsfirði.

Hnit sjókvíaldissvæða og stækkun sjókvíaldissvæðis í Skutulsfirði.

MJ1 65°54'45.74"N 22°34'39.17"W

MJ2 65°54'11.18"N 22°35'7.04"W

MJ3 65°54'7.89"N 22°34'27.70"W

MJ4 65°54'42.65"N 22°33'58.17"W

SK1 65°57'15.66"N 22°47'25.45"W

SK2 65°57'13.40"N 22°48'17.66"W

SK3 65°56'23.34"N 22°48'31.97"W

SK4 65°56'20.04"N 22°47'43.15"W

ÆE1 66° 5'32.53"N 22°40'26.22"W

ÆE2 66° 5'5.60"N 22°40'24.54"W

ÆE3 66° 5'43.65"N 22°42'44.09"W

ÆE4 66° 5'17.32"N 22°42'43.79"W

KL1 66° 1'24.88"N 22°30'24.04"W

KL2 66° 1'3.99"N 22°32'2.58"W

KL3 66° 0'57.52"N 22°29'48.11"W

KL4 66° 0'32.05"N 22°31'5.84"W

US1 66°06.810'N 23°06.140'W

US2 66°06.940'N 23°05.461'W

US3 66° 06.172'N 23°06.069'W

US4 66° 06.116'N 23°05.230'W

### Viðbrögð frá lögmanni Hábrúnar:

Umsögn Arctic Sea Farm, dags. 20. apríl 2022, virðist að meginstefnu byggt á misskilningi um verksvið Skipulagsstofnunar í tengslum við umhverfismat vegna fyrirhugaðs eldis Hábrúnar hf. í Ísafjarðardjúpi. Meginefni umsagnar Arctic er að andmæla því að veitt verði undanþága frá frálægðarmörkum samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði í reglugerðinni er hins vegar fullkomlega ljóst að ákvörðun um slíka undanþágu er

á valdsviði Matvælastofnunar, og kemur til skoðunar þegar Matvælastofnun tekur umsókn um rekstrarleyfi til meðferðar.

Þá byggir Arctic á því í umsögn sinni að Arctic njóti forgangs samkvæmt forgangsreglu sem var að finna í 9. gr. laga um fiskeldi. Það er ekki alls kostar rétt af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir að rekstrarleyfi, vegna umsóknar um 2.700 tonn, hafi verið veitt til Arctic eða umsóknin uppfylli öll skilyrði, en framangreint ákvæði eldri laga um fiskeldi bindur forgangsregluna við fullbúnar umsóknir. Á það hefur áður verið bent að meiriháttar ágallar voru á frummatsskýrslu Arctic, þar sem staðsetning eldissvæða er óljós og villandi (sjá meðfylgjandi samantekt). Í annan stað liggur fyrir að eitt eldissvæði sem umsókn Arctic lítur að, þ.e. eldissvæði við Arnarnes, er innan við 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði. Er því augljóst að forgangurinn þar liggur hjá Hábrún.

**Arnarlax (AL)**

**22.04.2022**

**Björn Hembre**

**AL gerir eftirfarandi athugasemdir:**

- a) Fjarlægð við Drangsvík (225m)
- b) Fjarlægð við Eyjahlíð (1,2 km).
- c) Benda á fjarlægðir við eldi AF.

**Viðbrögð Hábrúnar**

**06.07.2022**

**Halldór Gunnlaugsson**

**Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:**

- a) & b) Hábrún bregst við á sama hátt og í tilfelli AF. Vegna smitvarna skal lágmarksfjarlægð á milli sjókvíaeldisstöðva ótengdra aðila samkvæmt meginviðmiði vera 5 km miðað við útmörk hverrar sjókvíaeldisstöðvar samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi. **Matvælastofnun getur að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun heimilað styttri eða lengri fjarlægðir milli eldisstöðva samkvæmt ákvæðinu.**

Hábrún ítrekar að fyrirtækið mun samræma útsetningu líkt og MAST gerir að kröfu í athugasemdum sínum (sjá neðar). Fyrirtækið vill ennfremur benda á að AL gerir EKKI athugasemd vegna fjarlægðar við sjókvíaeldissvæðis fyrirtækisins við Óshlíð og er það líklegast vegna þess að fjarlægð AL við Óshlíð og sjókvíaeldissvæðis Hábrúnar í Skutulsfirði er minna en 5 km.

Til að auðvelda úrlausn mála vegna fjarlægða á milli óskyldra aðila leggur Hábrún fram valkosti um fjögur ný sjókvíaeldissvæði auk þess sem núverandi eldissvæði félagsins í Skutulsfirði yrði stækkað, sjá lið d) í viðbrögðum við athugasemdum Arnarlax.

**Viðbrögð frá lögmanni Hábrúnar:**

Umsögn Arnarlax, dags. 22. apríl 2022, virðist að meginsteftu byggja á misskilningi um verksvið Skipulagsstofnunar í tengslum við umhverfismat vegna fyrirhugaðs eldis Hábrúnar hf. í Ísafjarðardjúpi. Meginefni umsagnar Arnarlax er að andmæla því að veitt verði undanþága frá frálægðarmörkum samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði í reglugerðinni er hins vegar fullkomlega ljóst að ákvörðun um slíka undanþágu er á valdsviði Matvælastofnunar, og kemur til skoðunar þegar Matvælastofnun tekur umsókn um rekstrarleyfi til meðferðar. Þá er ástæða til þess að benda á að umsókn Arnarlax lýtur m.a. að eldissvæði, þ.e. eldissvæði við Óshlíð, sem er innan 5 km frá núverandi eldissvæði Hábrúnar. Því er ljóst að Matvælastofnun þarf að meta, áður en leyfi er veitt til Arnarlax, hvort uppfyllt séu skilyrði fyrir undanþágu fyrir umsókn Arnarlax.

<b>MAST</b>	<b>26.04.2022</b>	<b>Erna Karen Óskarsdóttir</b>
-------------	-------------------	--------------------------------

**MAST gerir eftirfarandi athugasemdir:**

- a) Að fjarlægðir milli allra eldisaðila komi fram í matsskýrslu, einnig fjarlægðir við laxveiðiár.
- b) Að uppfæra beri mynd 6 í kafla 2.2.6 miðað við stöðuna í dag.
- c) Að eldiáætlun komi fram í matsskýrslu taki mið af öðru fiskeldi í djúpinu.
- d) Að setja beri skilyrði í leyfum um samræmda útsetningu.
- e) Að fjalla verði um flutning á seiðum í matsskýrslu.
- f) Að fjalla verði um framkvæmdina sem hámarkslífmassa.
- g) Að skortur sé á umfjöllun um heilbrigði og velferð eldisfisksins, þ.m.t hvernig staðið verður að innra heilbrigðiseftirlit og förgun.
- h) Ábending um að regnbogasilungur sé ekki þrílitna, heldur sé um að ræða tvílitna fisk sem er allur hrygnur (e. *all female*).

**Viðbrögð frá lögmanni Hábrúnar:**

Í umsögn MAST er farið fram á að fjarlægðir milli eldissvæða allra rekstraraðila í Ísafjarðardjúpi komi fram í umhverfismatsskýrslu Hábrúnar og mynd 6 í kafla 2.2.6. verði uppfærð til þess að sýna þau svæði sem leyfi hefur verið veitt fyrir og svæði þar sem áformað er að hefja eldi. Nefnd mynd og tengd umfjöllun um fjarlægðarmörk verður að sjálfsgöðu uppfærð í samræmi við framangreint. Í þessu samhengi er hins vegar óhjákvæmilegt að fjalla um stöðuna sem upp er komin þegar litið er til útgefinna leyfa og umsóknir rekstraraðila um eldissvæði í Ísafjarðardjúpi. Ljóst er að umsóknir Hábrúnar, Arnarlax og Arctic eru innan fjarlægðarmarka, sem kveðið er á um 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020, innbyrðis og gagnvart leyfum sem í gildi eru. Ekki er augljóst hvernig MAST hyggst ráða fram úr þessari stöðu. Í umsögn MAST kemur þó fram að stofnunin hyggist í rekstrarleyfi setja skilyrði um samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða, og að leyfishafi vinni með öðrum leyfishöfum að sjúkdómvörnum, vöktun og viðbrögðum. Ljóst er að þetta fyrirkomulag getur orðið snúíð í framkvæmd, og kann að krefjast verulegs eftirlits af hendi MAST og umsýslu, sem ella væri ekki nauðsynlegt. Þá kann slíkt fyrirkomulag, með flókinni samhæfingu rekstraraðila, að stuðla að því að nýting svæðanna verði ekki eins hagkvæm og ella gæti orðið.

Ekki er sjálfgefið að MAST veiti undanþágur frá 5 km reglunni sem er að finna í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020, og sá kostur er fyrir hendi að beita reglunni til þess að koma á betra skipulagi milli rekstraraðila í Ísafjarðardjúpi, en leiða myndi af þeim umsóknum sem nú liggja fyrir frá Arnarlaxi, Arctic og Hábrún. Þannig er t.d. ljóst að umsóknir Arctic (eldissvæði út af Arnarnesi) og Arnarlax (eldissvæði út af Óshlíð) eru innan 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði. MAST er því í lófa lagið að hafna umsóknum Arctic og Arnarlax um þessi eldissvæði, sem myndi þá tryggja Hábrún fullnægjandi athafnarými við Skutulsfjörð og næsta nágrenni þar sem félagið hefur stundað fiskeldi um árabíl. Í reynd er MAST kleift á þessum grundvelli, að teikna upp, í samráði við rekstraraðila, skynsamlega skiptingu eldissvæða í Ísafjarðardjúpi, þar sem byggt verður eftir því sem kostur er á fjarlægðarreglu 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar. Hinn kosturinn er sá, sem MAST virðist hafa í huga, að veita undanþágur, sem að meginstefnu þyrfti að veita öllum umsækjendum til þess að gæta jafnræðis, og samræma starfsemi rekstraraðilanna allra með tilheyrandi flækjustigi.

<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
--------------------------	-------------------	-----------------------------

**Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:**

- a) Hábrún mun endurgera myndir og tryggja að allar fjarlægðir við laxveiðiár komi fram í Umhverfismatsskýrslu.

- b) Mynd 6 verður uppfærð skv. Stöðu dags í dag.
- c) Hábrún mun fylgja eldisáætlun sem byggir á hámarks lífmassa (MAB) 12200 tonn (11.500 tonn auk 700 tonna sem Hábrún er með í dag). Umræddur 12.200 tonna lífmassi skiptist niður á sjókvíaeldissvæði sem lögð verða til í umhverfismatsskýrslu, þannig að heildarlífmassi á eldissvæðum félagsins á hverjum tíma fari aldrei umfram 12.200 tonn. Hábrún mun samræma útsetningu við fyrirtæki innan sömu sjókvíaeldissvæða.
- d) Hábrún mun samræma útsetningu við önnur fyrirtæki sem stunda eldi á sama sjókvíaeldissvæði.
- e) Hábrún hefur sagst muni samræma útsetningu líkt og MAST setur sem kröfu.
- f) Fjallað verður um „hámarks lífmassa“ í Umhverfismatsskýrslu.
- g) Umfjöllun um heilbrigði og velferð eldisfisks verður bætt enda er fyrirtækið með gæðahandbók þar sem það kemur fram ásamt innra eftirliti og förgun.
- h) Hábrún leiðréttir mistök. Regnboginn er tvílitna og er um að ræða „bara hrygnur“ í eldi (e. all female).

<b>UST</b>	<b>06.05.2022</b>	<b>Agnes Þorkeldsdóttir, Steinar Rafn Beck Baldursson</b>
------------	-------------------	---

**UST gerir eftirfarandi athugasemdir:**

- a) Að eldissvæði á mynd 6 í matsskýrslu "munu ekki ganga upp".
- b) Að AF og AL hafi þegar lokið umhverfismati
- c) Að fjarlægð milli ótengdra aðila þurfi að vera meiri en sýnd er á mynd 6.
- d) Að UST sé ekki kunnugt um Akvafuture.
- e) Að þörf sé á að gera grein fyrir áætlun ef útsetning verður ekki heimiluð eftir 90 daga hvíld og þá hvað eigi að gera við seiðin.
- f) Að starfsleyfi sé gefið út fyrir hámarkslífmassa.
- g) Að UST geti einhliðað frestað útsetningu sbr. ákvæði starfsleyfis ef vöktun er ekki viðunandi.
- h) Að í matsskýrslu verði metin áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og hvort framkvæmdin ógni tegundum.
- i) Að í matsskýrslu vanti valkosti.
- j) Að í umhverfismatsskýrslu þurfi að liggja fyrir drög af vöktunaráætlun.
- k) Að meta þurfi áhrif á rækjustofna í umhverfismatsskýrslu.
- l) Að fjalla þurfi um samlegðaráhrif í matsskýrslu.

<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
--------------------------	-------------------	-----------------------------

**Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:**

- a) Með Umhverfismatsskýrslu munu fylgja vöktunaráætlanir vegna starfsleyfis frá UST þar sem fjallað verður um samlegðaráhrif frá næstu sjókvíaeldisstöðvum og þá hver áhrif fjarlægða er.
- b) Hábrún hefur ekkert um það að segja.
- c) Vísað er í lið a)
- d) Í dag er Akvafuture ekki lengur inni í myndinni. Hábrún mun uppfæra það í Umhverfismatsskýrslu.
- e) Hábrún mun fjalla um þennan möguleika í Umhverfismatsskýrslu. Frekari upplýsingar eru í gæðahandbók fyrirtækisins.
- f) Hábrún mun gera viðeigandi breytingar í Umhverfismatsskýrslu en eldisaukningin sem matsáætlunin gerir ráð fyrir er 11.500 tonn, hámarks lífmassi (MAB) á hverjum tíma.

- g) Hábrún fylgir strangri vöktunaráætlun sem er (verður) samþykkt af UST.
- h) Í Umhverfismatsskýrslu verða metin áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og hvort framkvæmdin ógni tegundum.
- i) Hábrún mun fjalla um valkosti í Umhverfismatsskýrslu.
- j) Hábrún mun leggja fram vöktunaráætlun í Umhverfismatsskýrslu sem uppfyllir ströngustu kröfur UST. Í vöktunaráætlun Hábrúnar verður lögð áhersla á sýnatöku eftir hvíld eins og nú er gert í Skutulsfirði.
- k) Hábrún mun fjalla um áhrif á rækjustofna í Umhverfismatsskýrslu.
- l) Hábrún mun fjalla um samlegðaráhrif í Umhverfismatsskýrslu.

**Viðbrögð frá lögmanni Hábrúnar:**

*Í umsögn Umhverfisstofnunar er fjallað um staðsetningar eldissvæða í matsáætlun Hábrúnar. Segir í umsögninni að staðsetningar sem m.a. eru sýndar á mynd 6 í kafla 2.2.6. muni ekki "ganga upp". Þá er þess getið að fyrirtækin Arctic Sea Farm og Arnarlax hafi lokið umhverfismati á sínum svæðum. Umhverfisstofnun útskýrir ekki frekar á hvaða lagagrundvelli framangreindar fullyrðingar eru reistar. Ætla verður að Umhverfisstofnun vísi til 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 þar sem kveðið er á um að fjarlægðarmörk milli ótengdra aðila skuli ekki vera minni en 5 km að jafnaði. Matvælastofnun getur, að höfðu samráði við Hafrannsóknastofnun, veitt undanþágu frá framangreindum fjarlægðarmörkum. Ekkert liggur fyrir um að slíkar undanþágur verði veittar í tilefni af umsóknum Arctic og Arnarlax, og er því sérkennilegt í meira lagi að Umhverfisstofnun láti að því liggja, eins og skilja má af textanum, að festa sé komin á eldissvæði Arctic og Arnarlax sem eru í umsóknarferli. Í þessu samhengi er bent á að umsóknir Arctic (eldissvæði út af Arnarnesi) og Arnarlax (eldissvæði út af Óshlíð) eru innan 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði. Matvælastofnun hefur ekki veitt undanþágu á grundvelli 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 fyrir þessum frávikum frá skilgreindum fjarlægðarmörkum.*

*Í umsögnum Hábrúnar til Matvælastofnunar og Hafrannsóknartstofnunar, sem veitir umsögn um mögulegar undanþágur frá fjarlægðarmörkum, hefur verið bent á að ekki sé sjálfgefið að MAST, skv. samráði við Hafrannsóknastofnun, veiti undanþágur frá 5 km reglunni, og sá kostur sé fyrir hendi að beita reglunni til þess að koma á betra skipulagi milli rekstraraðila í Ísafjarðardjúpi, en leiða myndi af þeim umsóknum sem nú liggja fyrir frá Arnarlaxi, Arctic og Hábrún. Nefnt hefur verið að umsóknir Arctic (eldissvæði út af Arnarnesi) og Arnarlax (eldissvæði út af Óshlíð) eru innan 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði og MAST sé því í lófa lagið að hafna umsóknum Arctic og Arnarlax um þessi eldissvæði, sem myndi þá tryggja Hábrún fullnægjandi athafnarymi við Skutulsfjörð og næsta nágrenni þar sem félagið hefur stundað fiskeldi um árabíl. Að sama skapi mætti afmarka eldissvæði við Snæfjallaströnd á grundvelli sömu viðmið og tryggja viðunandi fjarlægðir milli eldissvæða ótengdra aðila. Í reynd er MAST, í samráði við Hafrannsóknastofnun, kleift á þessum grundvelli, að teikna upp, með rekstraraðilum, skynsamlega skiptingu eldissvæða í Ísafjarðardjúpi, þar sem byggt verður eftir því sem kostur er á fjarlægðarreglu 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar. Kjósi MAST hins vegar að greiða leið umsókna Arctic og Arnarlax, með sérstökum undanþágum frá fjarlægðarmörkum reglugerðarinnar, er hins vegar óhjákvæmilegt, að teknu tilliti til jafnræðisreglu, að sama gildi um umsókn Hábrúnar.*

<b>HAFRÓ</b>	<b>29.04.2022</b>	<b>Rakel Guðmundsdóttir</b>
--------------	-------------------	-----------------------------

**UST gerir eftirfarandi athugasemdir:**

- a) Að alltof stuttar fjarlægðir séu milli óskyldra aðila í Djúpinu almennt séð.
- b) Að gera þurfi ítarleg grein (í matsskýrslu) fyrir áhættu sjúkdóma vegna stuttra fjarlægða.

- c) Að hólfaskipting krefjist frekari skýringa. Hafró bendir á að hólfaskiptingin hljómi óskynsamleg m.t.t. umhverfisáhrifa. Fyrirkomulagið sé flókið og mögulegt að framkvæmdaraðili sleppi við að hvíla allt svæðið í 90 daga.
- d) Að fjalla þurfi um hvort nota á ásetuvörn.
- e) Að hafa þurfi mælikvarða á umhverfisáhrif í matsskýrslu.
- f) Að meta þurfi ástand vatnshlots.
- g) Að hugtök og skilgreiningar séu í samræmi við lög um fiskeldi.
- h) Að gera þurfi betur grein fyrir hvort það er búist við mismunandi aðstæður á mismunandi stöðum (vegna kvía við Hestfjörð).
- i) Að fjalla þurfi betur um um eldisstofninn og hvaðan hann kemur.
- j) Að gera þurfi vel grein fyrir samlegðaráhrifum í Djúpinu vegna fjölda framkvæmda.

<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
--------------------------	-------------------	-----------------------------

**Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:**

- a) Hábrún bregst ekki við þessari athugasemd enda ekki á verksviði fyrirtækisins.
- b) Hábrún mun samræma útsetningu með öðrum eldisaðilum innan sama sjókvíaeldissvæðis (sjúkdómasvæðis). Í Umhverfismatsskýrslu verður ítarlega fjallað um þessa áhættuþætti.
- c) Hábrún hefur stundað eldi (eini aðilinn) í Skutulsfirði. Eldi Hábrúnar í Skutulsfirði er því allt innan sama sjókvíaeldissvæðis (sjúkdómasvæðis). Þetta þýðir að fyrirtækið gerir sér grein fyrir því að ef upp koma sjúkdómar þá gæti fyrirtækið þurft að bregðast við með því að slátra öllum fiski. Skiptin hólfá beinist að því að dreifa lífrænu álagi á botn. Sjókvíaeldissvæðinu er því skipt upp í þrjú „hólf“ þar sem eldi á hverjum tíma fer frá í tveimur hólfum en botn er hvíldur í því þriðja. Vöktunaráætlun Hábrúnar sem samþykkt er byggir á þessu og þetta fyrirkomulag er samþykkt af UST. Sjókvíaeldissvæði Hábrúnar er hvílt skv. kröfu UST.
- d) Hábrún fylgir þeim stöðlum sem krafa er gerð um er varðar eldisbúnað. Í Umhverfismatsskýrslu verður ítarlega gerð grein fyrir eldisbúnaði.
- e) Hábrún fylgir vöktunaráætlun sem gerð hefur verið fyrir fyrirtækið af óháðum rannsóknaraðila og sem samþykkt er af UST.
- f) Í vöktunaráætlun Hábrúnar er ástand sjávar metið.
- g) Hábrún uppfærir og leiðréttir hugtök í samræmi við lög.
- h) Búnaður sem notaður er fylgir þeim kröfum sem gerðar eru m.t.t. umhverfisaðstæðna á hverjum stað samkvæmt gæðastöðlum. Vottorð frá viðurkenndum matsaðila þarf að liggja til grundvallar.
- i) Hábrún mun uppfæra upplýsingar um eldisfisk.
- j) Hábrún mun í umhverfismatsskýrslu gera ráð fyrir samlegðaráhrifum í Djúpinu.

**Viðbrögð frá lögmanni Hábrúnar:**

*Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar segir að fjarlægðir milli eldissvæða ótengdra aðila í Ísafjarðardjúpi séu „allt of stuttar í flest öllum tilvikum sé horft til þeirra marka sem skilgreind eru í reglugerð í fiskeldi.“ Þá er í umsögninni réttilega bent á þá hættu sem skapast getur, vegna nálægðar eldissvæða, að sjúkdómsvaldar berist þeirra á milli. Ætla verður að með tilvitnuðum orðum vísi Hafrannsóknarstofnun ekki aðeins til þeirra rekstrarleyfa sem út hafa verið, heldur einnig til fyrirliggjandi umsókna um rekstrarleyfi. Samkvæmt 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 getur Matvælastofnun, að höfðu samráði við Hafrannsóknarstofnun, heimilað styttri vegalengdir á milli eldissvæða ótengdra rekstraraðila. Nú eru umsóknir þriggja aðila Arctic, Arnarlax og Hábrúnar, um rekstrarleyfi tengd tilteknum eldisvæðum í ferli. Eins og á er bent eru eldissvæðin, sem sótt hefur verið um, iðulega innan marka þeirra sem skilgreind eru í 5. mgr. 18. gr.*

reglugerðarinnar. Þannig er t.d. ljóst að umsóknir Arctic (eldissvæði út af Arnarnesi) og Arnarlax (eldissvæði út af Óshlíð) eru innan 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði.

Það mun því koma til kasta Matvælastofnunar, og Hafnrannsóknarstofnun, að meta hvort tilefni sé til þess að veita undanþágu frá fjarlægðarreglunni í framangreindum tilvikum. Vakin er athygli á því að ekki er skylt að veita umræddar undanþágur, en ef þær eru veittar, þarf að meginstefnu, að teknu tilliti til jafnræðisreglu, að veita undanþágu í öllum tilvikum. Í umsögn MAST, vegna matsáætlunar Hábrúnar, kemur fram að stofnunin hyggist í rekstrarleyfi setja skilyrði um samræmda útsetningu seiða og hvíld eldissvæða, og að leyfishafi vinni með öðrum leyfishöfum að sjúkdómvörnum, vöktun og viðbrögðum. Virðist Matvælastofnun miða við að undanþágur verði veittar, sem kallar á umfangsmikla samræmingu í starfsemi rekstraraðila. Ljóst er að þetta fyrirkomulag getur orðið snúið í framkvæmd, og kann að krefjast verulegs eftirlits af hendi MAST og umsýslu, sem ella væri ekki nauðsynlegt. Þá kann slíkt fyrirkomulag, með flókinni samhæfingu rekstraraðila, að stuðla að því að nýting svæðanna verði ekki eins hagkvæm og ella gæti orðið.

Bent er á að önnur leið kann að vera fær. Ekki er sjálfgefið að MAST, skv. samráði við Hafrannsóknastofnun, veiti undanþágur frá 5 km reglunni sem er að finna í 5. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020, og sá kostur er fyrir hendi að beita reglunni til þess að koma á betra skipulagi milli rekstraraðila í Ísafjarðardjúpi, en leiða myndi af þeim umsóknum sem nú liggja fyrir frá Arnarlaxi, Arctic og Hábrún. Nefnt hefur verið að umsóknir Arctic (eldissvæði út af Arnarnesi) og Arnarlax (eldissvæði út af Óshlíð) eru innan 5 km frá eldissvæði Hábrúnar í Skutulsfirði og MAST, og Hafrannsóknastofnun, er því í lófa lagið að hafna umsóknum Arctic og Arnarlax um þessi eldissvæði, sem myndi þá tryggja Hábrún fullnægjandi athafnarými við Skutulsfjörð og næsta nágrenni þar sem félagið hefur stundað fiskeldi um árabíl. Að sama skapi mætti afmarka eldissvæði við Snæfjallaströnd á grundvelli sömu viðmið og tryggja viðunandi fjarlægðir milli eldissvæða ótengdra aðila. Í reynd er MAST, í samráði við Hafrannsóknastofnun, kleift á þessum grundvelli, að teikna upp, með rekstraraðilum, skynsamlega skiptingu eldissvæða í Ísafjarðardjúpi, þar sem byggt verður eftir því sem kostur er á fjarlægðarreglu 5. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

<b>Minjastofnun Íslands (MÍ)</b>	<b>27.04.2022</b>	<b>Kristinn Magnússon</b>
----------------------------------	-------------------	---------------------------

**MÍ gerir eftirfarandi athugasemdir:**

- Gera þarf grein fyrir athugunum á heimildum um skipsskaða og öðrum fornminjum í matsskýrslu og fá fornleyfafræðing til að staðfesta að slík athugun hafi farið fram.

Viðbrögð Hábrúnar	06.07.2022	Halldór Gunnlaugsson
-------------------	------------	----------------------

**Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:**

- Hábrún mun ræða við fornleifafræðing um sjávarminjar og gera grein fyrir því í umhverfismatsskýrslu.

<b>Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ)</b>	<b>26.04.2022</b>	<b>Snorri Sigurðsson</b>
---	-------------------	--------------------------

**NÍ gerir eftirfarandi athugasemdir:**

- Að strandsvæðaskipulag er í vinnslu og að skynsamlegast sé að ljúka strandsvæðaskipulagi áður en leyfi verða veitt í djúpinu.
- Að eldi fari ekki vel við verndun búsvæða landsels þar sem truflun getur verið af starfseminni fyrir selina þar sem þeir eru við hvíld og fæðuöflun.
- Að í Ísafjarðardjúpi séu mikilvæg fuglasvæði sem og varplönd æðarfugls.
- Leyfi veitt hugsanlega umfram 30.000pt burðarþol?



e) Skoða ætti botndýralíf í Hnífsdalsvík í matsskýrslu þar sem það hefur ekki verið kannað áður.		
f) Skortur á heildstæðu mati á hvort þurfi að hafa áhyggjur af sleppifiskum (regnboga) inná búsvæði villtra laxfiska.		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
<b>Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:</b>		
a) Hábrún er vel kunnugt um að strandsvæðaskipulag er í vinnslu.		
b) Hábrún mun fjalla um möguleg áhrif á seli í Ísafjarðardjúpi í Umhverfismatsskýrslu og fjalla um þá tillögu að strandsvæðaskipulagi sem er í vinnslu.		
c) Hábrún er vel kunnugt um mikilvægi Djúpsins fyrir fugla. Hábrún mun fjalla möguleg áhrif á fugla í Umhverfismatsskýrslu.		
d) Það er ekki á valdsviði Hábrúnar að ákvarða skiptingu eldis í djúpinu m.t.t. eldismagns.		
e) Hábrún mun gera botndýraathugun í Hnífsdalsvík og hefur þegar fengið óháða aðila til að annast þá rannsókn. Niðurstöður verða notaðar í Umhverfismatsskýrslu.		
f) Eldi Hábrúnar er utan leyfilegrar fjarlægðar frá laxveiðiám og fjallað verður um möguleg áhrif frá slyasleppingum regnboga í Umhverfismatsskýrslu.		
<b>Vegagerðin</b>	<b>25.04.2022</b>	<b>Sigurður Friðgeir Friðriksson</b>
Engar athugasemdir		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
Engin.		
<b>Súðavíkurhreppur</b>	<b>26.04.2022</b>	<b>Jóhann Birkir Helgason</b>
Engar athugasemdir		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
Engin.		
<b>Landhelgisgæslan (Lhg)</b>	<b>12.05.2020</b>	<b>Ásgrímur L. Ásgrímsson</b>
<b>Lhg gerir eftirfarandi athugasemdir:</b>		
a) Að um sé að ræða sögulegar siglingaleiðir sé að ræða við Hnífsdal og inn í Hestfjörð. Hér sé því hugsanlega um að ræða farartálma.		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
<b>Hábrún bregst við athugasemdum á eftirfarandi hátt:</b>		
a) Hábrún mun leita ráðgjafar varðandi þetta mál og fjalla um það í Umhverfismatsskýrslu.		
<b>Orkustofnun</b>	<b>11.05.2020</b>	<b>Kristján Geirsson, Harpa Þórunn Pétursdóttir</b>
Engar athugasemdir		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
Engin.		
<b>Samgöngustofa</b>	<b>31.05.2022</b>	<b>Halldór Ó. Zoëga</b>
Engar athugasemdir		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>

Engin.		
<b>Ísafjarðarbær</b>		
Engar athugasemdir		
<b>Viðbrögð Hábrúnar</b>	<b>06.07.2022</b>	<b>Halldór Gunnlaugsson</b>
Engin.		

*Halldór Gunnlaugsson*

---

Halldór Gunnlaugsson, framkvæmdastjóri Hábrún hf.